

Nd.

192. Breytingartillögur

við frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (þskj. 5, sbr. þskj. 7/1924).

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er íslenskum ríkisþegnum, sem eiga vatnsrjettindi eða ráða yfir þeim, að hagnýta vatnsorkuna og virkja án sjerleyfis 500 eðlishestöfl eða minna. Þó þarf samþykki ríkisstjórnarinnar til, ef virkja skal hluta úr fallvatni, sem án vatnsmiðlunar í meðalrensi hefir meira en 500 eðlishestöfl.

Til allra stærri vatnsvirkjana skal fengið sjerleyfi, sem ríkisstjórnin eða Alþingi veitir.

Ríkisstjórnin getur heimilað hjeradsstjórnnum og öðrum, sem yfir vatnsrjettindum ráða, að virkja alt að 2500 hestöfl án sjerleyfiskvaðar, ef virkjunin er að eins ætluð til að fullnægja raforkuþörf almennings.

Um vatnsvirkjanir ríkisins fer eftir ákvörðun Alþingis.

2. Við 4. gr.

a) 2. tölul. orðist svo:

Nafn vatnsfalls þess eða stöðuvatns, sem hugsað er til að taka vatn úr, lýsing á því og aðstöðu og heimildir umsækjanda til vatnsrjettinda þar og landsafnota.

- b) 7. tölul. Aftan við hann bætist: ef aðrir eru en umsækjandi.
- c) 18. tölul. Fyrir »500« komi: 1000.
- 3. Við 7. gr.
 - Fyrir »25000« komi: 10000.
- 4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
 - Sjerleyfi skal aldrei veitt um lengri tíma en 50 ár, nema samþykki Alþingis komi til.
- 5. Við 12. gr.
 - a) 7. tölul. 1. másl. Fyrir »200« komi: 500.
 - b) Málsliðurinn: »nemi hestaflatalan meiru — — niður með öllu« falli burt.
- 6. Við 15. gr. 2. tölul. orðist svo:
 - Áður en gjaldskrá er sett, skal sjerleyfishafi gera grein fyrir tilkostnaði sínum. Ekki er honum þó heimilt að meta sjerleyfi sitt til peninga, en land og vatnsrjettindi má hann telja með því verði, sem sanngjarnlegt þykir, og skulu það meta 5 dómkvaddir menn, ef ágreiningur verður.
- 7. Við 21. gr. 1. tölul.
 - Fyrir »verkfræðingur« komi: eftirlitsmaður.
- 8. Við 33. gr. 2. tölul.
 - Fyrir »landareignir og mannvirki« komi: landareignir, vatnsrjettindi og mannvirki.
- 9. Við 36. gr. 1. tölul.
 - Fyrir málsliðinn: »Heimilt er — — heill krefur« komi: Slikt sjerleyfi skal aldrei veitt án samþykkis Alþingis, sem þá ákveður þau fleiri og frekari skilyrði, er þurfa þykir.